

3.11.2014

Góðan dag.

Hér er umsögn Ungra jafnaðarmanna um Þingskjal 243 — 214. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008 (rafræn námsgögn o.fl.).

Með kveðju,

Þórarinn Snorri Sigurgeirsson, varaformaður Ungra jafnaðarmanna og Jónas Már Torfason, miðstjórnarfulltrúi.

Reykjavík 3. nóvember 2014

Umsögnin er svohljóðandi:

Ríkisstjórnin leggur ríka áherslu á að efla menntakerfið með hagsmuni nemenda og þjóðarinnar allrar að leiðarljósi. Fjölbreytileiki í skólastarfi er lykill að kraftmiklu og skapandi samfélagi. Áhersla verður lögð á samráð við hagsmunaaðila þegar ákvarðanir eru teknar á vettvangi ríkisins um skipulag náms og kennslu.

Auka þarf áherslu á nám í iðn-, verk-, tækni-, hönnunar- og listgreinum og efla tengsl þessara námsgreina við atvinnulífið. Komið verði á fót samstarfsvettvangi menntamálayfirvalda, kennara og hagsmunaaðila í atvinnulífi um framtíðarsýn og mótun menntastefnu í þessum greinum.

- Tekið úr stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna (Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkurinn) <http://www.stjornarrad.is/Stefnuyfirlýsing/>

Ungir jafnaðarmenn* gagnrýna breytingar á framhaldsskólalögum. Þykir okkur þó allra helst áhyggjuefni framkoma Illuga Gunnarssonar, menntamálaráðherra, í framkvæmd og umfjöllun um þennan málaflokk. Sýnir hún með einsdæmum einbeittan vilja stjórnvalda að einkavæða menntakerfið. Svo virðist sem hæstvirtur ráðherra taki stórar ákvarðanir eftir eigin geðþótta án þess að ræða við þing eða þjóð. Hagsmunaaðilum hafa verið haldið algjörlega í myrkri hvað varðar umræðuna um þessar breytingar. Greinilegt er að þessar breytingar eru ekki gerðar með hagsmuni nemenda og starfsfólki menntakerfisins í huga. Ekki er fyrir séð hvaða áhrif þessar breytingar munu hafa á menntakerfið og þar með menntunarstig Íslendinga.

Það veldur Ungum jafnaðarmönnum óhug að lagt sé til að tekið sé gjald fyrir rafræn námsgögn. Er þannig lagðar þungar fjárhagslegar byrðar á námsmenn. Tekin eru svokölluð efnisgjöld sem eiga að ná yfir prentkostnað og önnur efnisleg útgjöld. Að taka gjald fyrir rafrænt námsefni er að taka gjald fyrir þekkingu sem ekki kostar að dreifa og nemendum þannig gert að fjármagna rekstur skólanna í auknu mæli.

Nú liggur fyrir að stytta eigi hið hefðbundna framhaldsskólanám úr fjórum árum í þrjú. Ungir jafnaðarmenn vilja sjá sveigjanleika í námi. Námsmenn eru jafn ólíkir og þeir eru margir. Þess vegna teljum við alhliða styttingu náms vinna gegn sveigjanleika í framhaldsnámi sé þetta gert að lögum. Það hefur verið valkostur lengi vel að ljúka framhaldsskólanámi á þremur árum og hafa námsmenn með áhuga á því leitað til víðeigandi úrræða. Óraunhæft er að ætla

að allir ráði við nám á styttri tíma.

Ungir jafnaðarmenn vilja að allir hafi jöfn tækifæri til náms. Þá er brýnt að tryggja sveigjanleika í námi og úrræði fyrir þá sem passa ekki inn í staðalímynd menntamálaráðherra um námsmann. Við viljum að ákvarðanir af þessari stærðargráðu séu teknar í samráði við hagsmunaraðila og stuðst verði við rannsóknir en ekki eftir geðþótta einstaka ráðherra.

**Ungir jafnaðarmenn er nafn ungliðahreyfingar Samfylkingarinnar og var hreyfingin stofnuð 11. mars 2000. Ungir jafnaðarmenn aðhyllast lýðræðislegt þjóðskipulag byggt á virkri þátttöku almennings, valddreifingu, fyllstu mannréttindum og félagslegu réttlæti. Þessi umsögn var samþykkt af miðstjórn og framkvæmdastjórn hreyfingarinnar þann 3. nóvember 2014.*